



VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

UM GERÐ VEGASKRÁR OG HÖGUN OG SKIL Á GÖGNUM

Lengi hefur ríkt óvissa um vegakerfi í óbyggðum, þ.e. hvaða leiðir er heimilt að aka, hvar er um að ræða utanvegaakstur og hver tekur ákvarðanir um slíkt vegakerfi.

Með náttúruverndarlögum sem tóku gildi árið 2015 og reglugerð sem sett var á grundvelli þeirra árið 2018 hefur verið fest umgjörð um það hvernig standa skal að ákvörðunum um vegakerfi í náttúru Íslands, þ.e. um aðrar ökuleiðir utan byggða en þær sem tilheyra þjóðvegakerfinu.

Það er á ábyrgð sveitarstjórna að ákveða slíkar ökuleiðir og taka saman í *skrá yfir vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi*. Vegaskráin skal unnin samhliða gerð aðalskipulags eða eftir atvikum svæðisskipulags.

Um gerð skrár um vegi í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega, gilda ákvæði 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Jafnframt er vegaskráin grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.

TIL HVAÐA VEGA TEKUR SKRÁ YFIR VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS?

Vegaskráin á að taka til vega í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega, bæði á hálendi og á láglandi. Þó að vegur sé tilgreindur í skrá um vegi í náttúru Íslands felur það ekki í sér að hann sé fær öllum vélknúnum ökutækjum. Skráningin felur heldur ekki í sér ábyrgð á viðhaldi vega. Fyrst og fremst er um að ræða kortlagningu og ákvarðanatöku um hvaða leiðir er heimilt að aka, í sumum tilfellum með tilteknum takmörkunum.

Við mat á því hvaða leiðir skal setja fram í skrá yfir vegi í náttúru Íslands skulu sveitarstjórnir meðal annars líta til eftirfarandi atriða:

- Er um að ræða veg í náttúru Íslands? Vegaskrá þessi tekur ekki til vega í byggð, svo sem heimreiða eða vinnuvega innan ræktaðs landbúnaðarlands.
- Er um að ræða greinilegan og varanlegan veg sem löng hefð er fyrir akstri um?
- Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og víðerni?
- Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi eða hafa í för með sér önnur náttúruspjöll?

FLOKKUN VEGA Í VEGASKRÁ

Vegi í skrá um vegi í náttúru Íslands á að flokka í fjóra mismunandi flokka eftir því hversu greiðfær viðkomandi vegur er, þ.e. í flokk F0 (greiðfær vegur), F1 (seinfær vegur), F2 (lakfær vegur) og F3 (torfær vegur). Um er að ræða sambærilega flokkun og Vegagerðin notar við flokkun landsvega samkvæmt vegalögum en á slíkum vegum er almennt gert ráð fyrir árstíðabundinni umferð auk þess sem gera má ráð fyrir minna eftirliti og þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Kóði	Skilgreining
F0	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F1	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F2	Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.
F3	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjippum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Geta verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

SAMRÁÐ UM GERÐ VEGASKRÁRINNAR

Sveitarfélög eiga að vinna tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags eða breytingar á aðalskipulagi. Við tillögugerðina á að hafa samráð við Umhverfisstofnun, önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Hægt er að samþætta samráð við þessa aðila um vegaskrána við það samráð sem haft er við þá vegna vinnslu viðkomandi aðalskipulagstillögu að öðru leyti.

Þegar um er að ræða vegi sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða er vegaskráin háð samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds viðkomandi þjóðgarðs.

FRAMSETNING VEGASKRÁR Í AÐALSKIPULAGI

Vegaskráin skal unnin í landfræðilegu upplýsingakerfi og skal jafnframt sett fram sem þemauppdráttur í aðalskipulagi. Jafnframt skal birta upplýsingar um vegaskrána í greinargerð aðalskipulagsins og fjalla þar um vinnslu hennar og samráð sem viðhaft hefur verið við gerð hennar.

Þeir vegir sem skráðir eru í vegaskrána mynda vegakerfi sem eðlilegt er að sé sýnt sem hluti grunnkorts aðalskipulagsuppdráttar, með sama hætti og vatnafar og hæðarlínur, en þeir fela almennt ekki í sér ökuleiðir sem tilefni er til að marka stefnu um í aðalskipulagi. Í aðalskipulagi skal setja fram stefnu um meginvegakerfi (núverandi og fyrirhugaða vegi). Til meginvegakerfis teljast t.d. stofnvegir og tengivegir utan þéttbýlis og aðrir meginvegir, núverandi eða fyrirhugaðir, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR Á TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI OG VEGASKRÁ

Tillaga að vegaskránni á að berast til Skipulagsstofnunar samhliða því að tillaga að nýju aðalskipulagi eða breytingu á aðalskipulagi, sem vegaskráin er hluti af, er send til athugunar stofnunarinnar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillögu að vegaskránni þarf að skila rafrænt á skipulag@skipulag.is, sem gagnasafni (línuskrá) í formi Shapefile (.dbf, .prj, .sbn, .sbx, .shp, .shx) eða sem ESRI File-Geodatabase (.gdb). Senda verður þessi gögn í zip-pakka. Á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is er að finna forsníð fyrir skráningu gagna um vegi í náttúru Íslands sem nota má í landupplýsingaforriti.

KYNNING TILLÖGU AÐ VEGASKRÁ SAMHLIÐA TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI

Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar samkvæmt skipulagslögum er tillaga að skrá um vegi í náttúru Íslands auglýst og kynnt sem hluti af kynningu viðkomandi aðalskipulagstillögu. Tilefni getur verið til að vekja sérstaklega athygli framangreindra samráðsaðila á auglýsingu skipulagstillögunnar og vegaskrárinnar.

ENDANLEG AFGREIÐSLA VEGASKRÁR OG GÖGN TIL SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þegar aðalskipulagstillagan ásamt vegaskránni er endanlega afgreidd af sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun til staðfestingar samkvæmt 32. gr. skipulagslaga þarf vegaskráin að fylgja, með rafrænum hætti. Með gögnum þarf að berast samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds viðkomandi þjóðgarðs, ef vegir á vegaskránni liggja innan þjóðgarðs eða friðlýstra svæða.

GILDISTAKA VEGASKRÁR

Vegaskrá sveitarstjórnar, um vegi í náttúru Íslands annarra en þjóðvega í viðkomandi sveitarfélagi, öðlast gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda um staðfestingu á aðalskipulagi/aðalskipulagsbreytingu sem vegaskráin er hluti af.

MIÐLUN Á UPPLÝSINGUM ÚR VEGASKRÁ

Vegagerðin miðlar upplýsingum um vegi í náttúru Íslands, eins og þeir hafa verið settir fram í vegaskrá með staðfestu aðalskipulagi, í vefþjónustu bæði til skoðunar og til niðurbætur.

Skipulagsstofnun ber að sjá til þess að vegaskrá sveitarfélags berist Vegagerðinni til birtingar svo fljótt sem unnt er eftir staðfestingu aðalskipulags.

Útgefendum korta ber að sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu, svo sem kostur er, í samræmi við vegaskrána á hverjum tíma.

GERÐ VEGASKRÁR MEÐ SVÆÐISSKIPULAGI

Einnig er heimilt að vinna skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð svæðisskipulags eða svæðisskipulagsbreytingar. Um það fer í öllum aðalatriðum með sama hætti og lýst hefur verið að framan. Þar er þó sá munur á að það er viðkomandi svæðisskipulagsnefnd sem í umboði sveitarstjórna ber þá ábyrgð á gerð vegaskrárinnar og skipulagsferlinu.

UPPSETNING VEGASKRÁR

Tillögu sveitarstjórnar að skrá um vegi í náttúru Íslands á að setja upp sem stafrænar landupplýsingar. Við vinnslu gagnanna þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Nákvæmni	Staðsetning vegar skal skráð sem hnitúð miðlína vegar og miðað við að nákvæmni sé að lágmarki +/- 5 m.
Reglur	Fitjur, gildi og eigindi eru flokkuð og skráð samkvæmt íslenskum staðli ÍST 120:2012, reglugerð um vegi í náttúru Íslands og fitjuskrá Landmælinga Íslands um samgöngur, nema annað sé tekið fram.
Hnitakerfi	Gögn skulu vera sett fram í landshnitakerfi, ISN93 (EPSG:3057).
Gagnasnið	Gögnum (línnum) ber að skila í formi Shapefile (.dbf, .prj, .sbn, .sbx, .shp, .shx) eða sem ESRI File-Geodatabase (.gdb).

FITJUFLOKKURINN VEGUR OG FITJUEIGINDIR

Í töflunni að neðan eru settar fram upplýsingar um þær fitjueigindir sem skrá þarf í eigindatöflu vegaskrárinnar í landupplýsingakerfi. Heiti eiginda eru í fyrsta dálki töflunnar. Í öðrum dálki er að finna nánari skilgreiningu viðkomandi eigindar. Í dálkinum „Tegund“ er sýnt á hvaða formi skal skrá eigindina, þ.e. hvort um er að ræða textastreng, dagsetningu eða heiltölu. Í dálkinum „Skráning“ er að finna upplýsingar um uppruna eigindanna, svo sem hvort þær eru skráðar samkvæmt staðli ÍST 120/2012, fitjuskrá um samgöngur eða reglugerð um vegi í náttúru Íslands. Í síðasta dálkinum eru sýnd tvö dæmi um hvernig eigindir eru skráðar í eigindatöfluna.

Fitjuflokkurinn vegur og skráning eiginda

Heiti	Skilgreining	Tegund	Skráning	Dæmi	
Fitjuflokkur (fitjuFlokkur)	Gildi fyrir veg er 301	Textastrengur	Samkvæmt staðli ÍST 120/2012	301	301
Nafn fitju (nafnFitju)	Vegheiti	Textastrengur	Samkvæmt fitjuskrá um lýsandi, valfrjálsar fitjueigindir	Tjarnarversleið	Krakatindaleið
Vegtegund (vegtegund)	Vegtegund samkvæmt reglugerð: F0, F1, F2 eða F3	Textastrengur	Samkvæmt reglugerð 260/2018	F2	F3
Slitlag (slitlag)	Gerð slitgólfs eða slitlags á vegum og stígum: Óbundið (20), mól (21), mold (21) o.s.frv.	Heiltala	Samkvæmt fitjuskrá um samgöngur	20	21
Opið frá (opidFra)	Frá og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn	Dagsetning	Samkvæmt reglugerð 260/2018	9999	9999
Opið til (opidTil)	Til og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn	Dagsetning	Samkvæmt reglugerð 260/2018	9999	9999
Athugasemdir (aths)	Hér er hægt að skrá inn athugasemdir	Textastrengur	Samkvæmt reglugerð 260/2018	Umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð 1. maí - 20. júní	9999

Ef gert er ráð fyrir fleiri en einum opnunartíma vegar er sett ný lína fyrir hvern opnunartíma „Opið frá“ og „Opið til“ í eigindatöfluna. Skrá skal kóðann 9999 í dálk þeirra eiginda sem eiga ekki við um tiltekna fitju. Ef hinsvegar tiltekin eigind á við um fitjuna, en gildi er ekki þekkt, á að skrá <Null>.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/20965>

Íslenskur staðall. Skráning og flokkun landupplýsinga – Uppbygging fitjuskráa, ÍST-120:2012.

300 Samgöngur, íslensk fitjuskrá. https://www.lmi.is/wp-content/uploads/2017/08/300samgongur_1_2utg2017.pdf

Lýsandi fitjueigindir, valfrjalsar, íslensk fitjuskrá. https://www.lmi.is/wp-content/uploads/2013/01/valfrjalsar_eigindir_1.2_utg2013.pdf